

Sjá, snerta, skynja og skapa

Þróunarverkefni í Leikholti - Greinargerð

Þegar sótt var um verkefnið var það hugsað fyrir yngstu börn leikskólans Leikholts 1-2 tveggja ára. Í lok skólaárs 2023-2024 var samt ljóst að umsækjendur Oddný og Helga myndu starfa sem deildarstjórategymi á miðdeild leikskólans þar sem börnin eru á aldrinum 2-3 ára. Áhersla verkefnisins hefur því miðast við þann aldur 2-3 ára.

Skipulega var farið að nota sullukarið í september 2024 og ákveðið að allar deildir leikskólans fengju að njóta góðs af að hafa eignast karið. Karið gekk því á milli deilda í vetur, viku í senn, Hestfjall, Hekla, Vörðufell og svo var ein laus vika á milli þar til næsta rútína byrjaði. Var það gert til að gefa Möttu yfirmanni stoðþjónustu tækifæri að nota karið eða ef einhver deildin hefði ekki haft næg tækifæri að nýta það í sinni vinnuviku.

Veturinn hefur síðan verið notaður til að prófa og gera alls konar tilraunir með efnivið og samsetningu í vinnu með sullukarið. Jafnframt því voru teknar myndir til að nýta í handbókina sem ætluð er sem lokaafurð verkefnisins. Myndefnið sem safnað var kemur mest þó af Heklu þar sem gleymdist oft að taka myndir bæði í Vörðufelli og Hestfjalli.

Markmið:

Verkefninu er ætlað að efla leikskólann í að vinna með vitsmuna-, tilfinninga- og félagslegan þroska. Að veita nemendum tækifæri til að upplifa og skapa í umhverfi sem leggur áherslu á skynjun og sköpun miðað við þeirra eigin getu og áhuga. Skynjunarferlið er mjög virkt hjá ungum börnum og fyrir þeim er það eðlislægt að skynja með höndum, sjá, finna áferð, lykt og bragð á eigin forsendum. Ung börn vilja bragða á öllum hlutum í kringum sig, renna höndum gegnum hrísgrjón, sand, vatn og hella sandi eða vatni á milli tveggja íláta. Það virkjar tilfinninga og vitsmunaproskann þegar börnin handfjatla hluti, skynja áferð efniviðsins, lykt og bragð, einnig styður það við málþroskann að heyra orðin/ hugtökin yfir það sem þau skynja, kalt og heitt, mjúkt og hart, stórt og lítið o.s.fr. Vinna með karið eflir líka félagsþroska, að vera í 4-6 manna hóp við sullukarið reynir á að vinna saman, skiptast á, nota málið til að segja frá hvað þau eru að gera og finna lausnir á verkefnum eða vandamálum. Leikur við karið getur stuðlað að góðum félagsskap í sátt og samlyndi

Lokaafurð verkefnisins er handbók með verkefnum og hugmyndum sem hafa verið unnin í vetur og er leiðbeiningarit fyrir starfsfólk til að ganga í þegar á að fara vinna með sullukarið. Vonandi verður hún líka kveikja að nýjum hugmyndum sem bætast í handbókina jafnóðum. Handbókin er lifandi plagg þar sem sett verða inn ný verkefni um leið og þau verða til hjá starfsfólki og börnum.

Samantekt:

Það hefur verið mjög gaman að vinna að þessu verkefni með börnunum. Börnin hafa verið mjög áhugasöm og virk í ferlinu og saman hafa þau upplifað, skapað og gert alls konar tilraunir og verkefni í gegnum leik, bæði með og án aðstoðar kennara. Frá því við byrjuðum höfum við verið duglegar að taka myndir af þeim hugmyndum sem við fáum þegar unnið er með karið. Sullukarið er mjög spennandi kennslutæki til að vinna með nemendum. Kennslutæki til að þróa skynjun og sköpun barna og svo margt fleira. Það hefur verið gaman að sjá að það er hægt að kenna og vinna með flest alla námsþætti gegnum leik í sullukarinu. Það er í gegnum leik og sköpun sem flest leikskólabörn læra og þróa sína námshæfni. Með sullukarinu er tækifæri til að efla þroska barna á margan hátt. Málþroski, bætir við orðaforða, vinna með hugtök, e.o. undir og yfir, mjúkt og hart, tómt og fullt, leika með stafrófið og bara spjalla saman. Félagsfærni þar sem reynir á samvinnu í leik, til dæmis að finna sameiginlega lausn og leika saman, efla vináttuna. Rökhugsun, vinna með stærðfræði þar sem við erum með ýmsar mælieiningar stórt, lítið, langur, stuttur, breiður, grannur. Nota magnhugtök, mikið, lítið, margir, fáir, fullt, hálft, tómt. Einnig hægt að telja og nota tölustafi og Numicon í leik. Tilfinninga þroski, hvernig líður okkur að snerta/sulla í vatni, sandi, mold, er það gott, óþægilegt, vont og af hverju? Þetta gefur okkur góðar aðstæður til umræðu og spjalls.

Hugmyndirnar eru margar og verður skemmtilegt að halda áfram að safna í handbókina sem nýtist vonandi öllum þeim sem ætla að vinna með sullukarið sem kennslutæki í leikskólanum. Og það skemmtilega við handbókina er að hún er alltaf í þróun, lifandi kennslutæki, þar sem hver sá sem fær nýja hugmynd og prófar hana í sullukarinu, tekur mynd og bætir við í bókina. Þannig geta allir, hvort sem þeir hafa starfað lengi eða eru nýir, haft aðgang að þeim hugmyndum og verkefnum sem til eru og vonandi þróað eitthvað áfram.

Eftir vinnu við þetta þróunarverkefni, teljum við verkefnið samræmast skólastefnu sveitarfélagsins, sé ávinningur fyrir skólasamfélagið og stöndum við það sem segir í umsókninni okkar

„Verkefnið eflir faglegt starf leikskólans með það að marki að börnin njóti ávinningsins. Verkefnið stuðlar að skapandi hugsun, félagslegri samvinnu og sköpunar hjá börnunum sem þau búa að út æviskeiðið“.

Afurðin er einstaklega skemmtilega og hugmyndarík handbók sem á eftir að gagnast okkur starfsfólki og börnum vel í Leikholti.

Oddný Stefanía Steinpósdóttir og Helga Guðlaugsdóttir